

## Minnisblað vegna sérkennslubarna í leikskólum 2018

Frá árinu 2015 hafa verið heimiluð 21,32% stöðugildi vegna sérkennslubarna í leikskólunum. Stöðugildin vegna sérkennslubarna eru miðlægð og er þeim skipt á milli leikskólanna eftir því hvar þörfin er mest hverju sinni.

Í upphafi árs eru gerð drög af því hvernig stöðugildunum er skipt niður á mánuðina. Hlutfallslega eru stöðugildin mest nýtt fyrstu 5 mánuði ársins og síðan síðustu fjóra mánuði ársins, en í júní til ágúst er verið dregið úr nýtingu á stöðugildunum.

Spár um sérkennsluþörf fyrir árið 2018 hafa ekki gengið eftir og þörfin fyrir aukningu á sérkennslutímum hefur aukist verulega af mörgum ástæðum. Þessar ástæður eru meðal annars þær að börn með mikla sérkennsluþörf hafa flutt í bæinn á árinu og börn með verulegan hegðunarvanda. Einnig hafa innritast í leikskólana ung börn sem eru á eftir í þroska og ekki var vitað um stöðu þeirra.

Vegna þessa ástæðna er óskað eftir auka fjármagni vegna sérkennslumála í leikskólum að upphæð. 19.500.000. kr. eða aukning um 2,5 stöðugili á ársgrunni.

Hrafnhildur G. Sigurðardóttir  
leikskólafulltrúi